

Aðalfundur foreldrafélags Pálmholts 25 september 2019

Hvað var gert skólaárið 2018-2019

Foreldrafélagið sá um að kaupa möppur og taupoka fyrir öll börnin sem eru að hefja skólagöngu í Pálmholti.

Foreldrafélagið keypti sólarvörn og fatamerkipenna fyrir allar deildir leikskólans.

Foreldrafélagið keypti leiksýningar; Pétur og úlfinn kom frá Brúðuheimum en snillingurinn Bernt Ogordnik á allan heiðurinn þeirri sýningu, Skoppa og Skrýtla komu og sungu og trölluðu með barnahópnum og einnig kom Einar Mikael töframaður og galdraði okkur upp úr skónum ☺

Foreldrafélagið sá um að fjármagna jólasveina og bók frá jólasveininum til allra barnanna

Foreldrafélagið sá um að fjármagna rútu sem ferjaði börn, eldri en 3 ára í Daladýrð en þar fengu þau að upplifa sveitina með kennurunum og flest með foreldrunum einnig.

Yngri börnin sem ekki fóru í sveitaferðina voru ekki látin afskipt, en Alda útvegaði hest og fengu börnin að fara á bak og var teymt undir þau lítin hring ☺

Hvað er fyrirhugað að gera skólaárið 2019-2020

Foreldrafélagið ætlar að hafa sama gjald fyrir börnin í foreldrafélagið eins og verið hefur undanfarin ár eða 2.660 fyrir eitt barn og 3.910 fyrir systkini, en sú upphæð er rukkuð í heimabanka einu sinni á önn, eða í október og febrúar.

Inga Magga frá Dalvík kemur til okkar og eftir áramót og verður með danskenslu og munum við kaupa af henni 4 skipti, þar sem hún tekur öll börn skólans í tíma ☺

Við höfum hug á að fá leiksýningu frá Bernt Ogordnik í Brúðuheimum en hann er með Einar Áskel og Jólasýningu í gangi og við erum að skoða hvað er hægt að fá, einnig ætlum við að semja við Einar Mikael að koma til okkar á vormánuðum

Sveitaferðin hefur ávalt verið farin á leikskólatíma og farið með rútu á mismunandi staði eftir hvað hefur verið í boði hverju sinni. með aukinni meðvitund fólks á mikilvægi þess að bílbelti séu notuð er fólki ekki að hugnast að börnunum sé boðið í rútur sem ekki eru með fullkomið öryggi í sætum fyrir þau, því er fyrirhugað færa sveitaferðina á laugardag og munu þá foreldrar fara með börnin á einkabílum, ekki er búið að ákveða hvert eða hvaða dag en það verður auglýst vel þegar þar að kemur

Foreldrafélagið er með facebook hóp sem öllum foreldrum barna er velkomið að senda beiðni um að vera með í ☺

Nýliðar í stjórn foreldrafélags Pálmholts

Kallað var eftir nýliðum í stjórn foreldrafélagsins og eru því nú í stjórninni:

Bjargey Inga Óladóttir –Formaður

Thelma Rut Sólrúnardóttir –gjaldkeri

Áslaug Magnúsdóttir Fulltrúi frá leikskólanum

Elín Árnadóttir

Bergþóra Björk Guðmundsdóttir

Guðrún Hrönn Guðmundsdóttir

Hildur Þóra Magnúsdóttir

Guðbjörg Þórarinsdóttir

Bryndís Hulda Ríkharðsdóttir

Fundarritari Áslaug Magnúsdóttir